



Innlagnarkortaskilmálar

Arion banka hf.

1. Aðilar og samþykki skilmála
 - 1.1. Aðilar að skilmálum þessum eru handhafi innlagnarkortsins (hér eftir „handhafi“), útgefandi innlagnarkortsins (hér eftir „útgefand“) og viðkomandi lögaðili sem er eigandi þess reiknings sem tengdur er við innlagnarkortið (hér eftir „lögaðili“).
 - 1.2. Skilmálar þessir eru samþykktir með undirritun umsóknar um kortið eða með fyrstu notkun innlagnarkortsins.
 - 1.3. Árgjald innlagnarkortsins er innheimt samkvæmt verðskrá eins og hún er hverju sinni.
2. Eiginleikar kortsins, umsókn og notkun þess
 - 2.1. Innlagnarkortið er ætlað þeim sem vilja leggja inn á reikning lögaðila í hraðbanka Arion banka.
 - 2.2. Innlagnarkortið er einungis hægt nota til þess að leggja inn á reikning sem er tengdur við kortið. Hægt er að tengja fleiri en eitt kort við sama reikning.
 - 2.3. Innlagnarkortið er ekki hægt að nota á öðrum stöðum en í hraðbönkum Arion banka.
 - 2.4. Innlagnarkortinu fylgir ekki sérstakt PIN númer. Þegar kortinu er stungið í hraðbanka er aðeins boðið upp á þann valkost að leggja inn á þann reikning sem tengdur er við kortið.
 - 2.5. Á kvittun fyrir innlögn er númer þess reiknings sem tengdur er við kortið tilgreint.
 - 2.6. Prókuruhafi fyrirtækis getur sótt um innlagnarkort og er innlagnarkort gefið út á starfsmann lögaðila sem hefur umboð á þann reikning sem innlagnarkortið er tengt við.
 - 2.7. Handhafa innlagnarkorts er óheimilt að afhenda öðrum aðila kortið til notkunar.
 - 2.8. Á umsókn um innlagnarkort skal tilgreint hvaða reikningur skal vera tengdur við innlagnarkortið.
3. Gildistími og endurnýjun
 - 3.1. Innlagnarkortið hefur ákveðinn gildistíma sem kemur fram á kortinu.
 - 3.2. Eftir að gildistími innlagnarkortsins er liðinn er handhafa óheimilt að nota kortið. Hægt er að óska eftir endurnýjun innlagnarkortsins og er þá gefið út nýtt kort með nýjum gildistíma.
 - 3.3. Verði breyting á prókúru lögaðila þannig að handhafi innleggskorts sé ekki lengur prókuruhafi eða hafi ekki lengur umboð á viðkomandi reikning ábyrgist lögaðili að láta loka korti hans.
4. Misnotkun, ábyrgð og glötuð kort
 - 4.1. Handhafi innlagnarkortsins og lögaðili bera ábyrgð á því að kortið sé einungis notað í samræmi við skilmála þessa.
 - 4.2. Handhafi innlagnarkortsins og lögaðili ábyrgjast tjón gagnvart útgefanda, sem verður vegna vanrækslu hans við vörslu eða notkun innlagnarkortsins. Útgefandi er ekki ábyrgur fyrir tjóni, sem verður vegna lagaboða, aðgerða stjórnvalda, náttúruhamfara, stríðs, verkfalls, verkþans eða annarra slíkra aðstæðna, rafmagnstruflana eða rafmagnsleysis, bilana á hraðbönkum né vegna truflana í símkerfi eða öðrum boðleiðum eða samgöngum.
 - 4.3. Sérhver ágreiningur milli handhafa og lögaðila vegna innlagnar með innlagnarkorti er útgefanda kortsins algerlega óviðkomandi og án ábyrgðar fyrir hann.
 - 4.4. Glatist innlagnarkortið, því er stolið eða handhafi eða lögaðili verða varir við misnotkun kortsins skal láta þjónustuver Arion banka vita svo unnt sé að loka kortinu.
 - 4.5. Verði ósamræmi í talningu hraðbankans og lögaðila, þá staðfestir lögaðili að talning hraðbankans gildir.